

RANNVEIG SIGURVINSDÓTTIR

„Þú veist þú vilt það“

Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum

Barátta gegn kynferðisafbrotum og umræða um þau hefur aukist jafnt og þétt í íslensku samfélagi. Nærtækt er að minnast hreyfinga sem kenndar hafa verið við Beauty tips og #MeToo. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (e. *World Health Organization*) hefur skilgreint kynferðisofbeldi sem kynferðislega hegðun (eða tilraun til hennar), kynferðislega tilburði eða athugasemdir gegn vilja viðkomandi með því að nota einhvers konar þvingun, óháð sambandi geranda og þolanda og óháð staðsetningu.¹ Rannsóknir síðustu ára sýna að slíkt ofbeldi á sér stað hérlandis, en til dæmis leiddi ein rannsókn frá 2010 í ljós að 24% kvenna á aldrinum 18-80 ára höfðu sætt kynferðisofbeldi af hendi karlmanns einhvern tíma eftir að þær urðu 16 ára gamlar.² Afleiðingar ofbeldisins geta verið alvarlegar, meðal annars aukin hætta á áfallastreituröskun, þunglyndi og sjálfsvígi.³ Til dæmis sýndi rannsókn meðal íslenskra framhaldsskólanema að einkenni kvíða, þunglyndis og reiði voru hærri meðal þolenda kynferðisofbeldis, auk

¹ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, World Health Report, sótt 24. júlí 2018 af http://www.who.int/violence_injury_prevention/violence/global_campaign/en/chap6.pdf, hér bls. 149.

² Í þessari rannsókn var kynferðisofbeldi skilgreint sem þvingun eða tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun, kynferðisleg snerting sem veldur vanlíðan, svo og aðrar tegundir kynferðisofbeldis. Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, „Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi“, *Stjórnarráðið*, desember 2010, sótt 29. apríl 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf, hér bls. 27.

³ Elizabeth O. Paolucci, Mark L. Genuis og Claudio Violato, „A meta-analysis of the published research on the effects of child sexual abuse“, *The Journal of Psychology*, 135/2001, bls. 17–36, hér bls. 17; Emily R. Dworkin, Suvarna M. Menon, Jonathan Bystrynski og Nicole Allen, „Sexual assault victimization and psychopathology: A review and meta-analysis“, *Clinical Psychology Review*, 56/2017, bls. 65–81, hér bls. 65.

sjálfskaðandi hegðunar og sjálfsvígshegðunar.⁴ Algengast er að þolendur ofbeldisins séu konur og karlar gerendur þó vissulega séu dæmi um annað.⁵

Lengi vel var lítið rætt opinberlega um efnið en miklu skiptir að í samfélaginu sé fólk almennt á einu máli um að nauðganir og aðrar kynferðisþvinganir séu ekki líðandi fremur en annað ofbeldi. Síðustu ár hafa þolendur hinsvegar verið hvattir til að segja frá reynslu sinni til að vinna gegn þöggun um málaflökkinn. Afstaða löggjafans og dómsvaldsins til kynferðisbrota hafa enda breyst síðustu ár, til dæmis með endurskoðun lagaákvæða um kynferðisbrot og þyngingu dóma.⁶ Samfélagsmiðlar eru áhugaverðir og aðgengilegir til að miðla reynslu og skoðunum og margir þolendur hafa nýtt þá til að segja frá eigin upplifun. Birting þolenda á eigin sögum kann líka að gefa rödd þeirra annað vægi en þegar sagt er frá í eigin persónu eða á öðrum miðlum.⁷ Tilgangur þessarar eigindlegu rannsóknar, sem hér verður greint frá, er að lýsa skýringum á kynferðisofbeldi sem eru settar fram á samfélagsmiðlum og kanna hvort þær ríma við fyrri rannsóknir á þessu sviði. Slíkar skýringar eru mikilvægar því þær varpa ljósi á samfélagslegt samhengi, þ.e. hvað fólk finnst að valdi því að ofbeldi eigi sér stað, sem endurspeglar svo sýn þeirra um hvað mætti gera til að koma í veg fyrir slíkt ofbeldi. Þetta verður gert með því að skoða færslur á samfélagsmiðlum þar sem þolendur segja frá eigin reynslu af slíku ofbeldi. Skýring á ofbeldi er nokkuð vítt hugtak en felur í grunninn í sér einhvers konar eignun (e. *attribution*), þ.e. að einhver þáttur er notaður til að útskýra af hverju ofbeldið átti sér stað. Ekki er nauðsynlegt að um sé að ræða raunverulega orsakabætti, heldur endurspeglar þetta sýn viðkomandi á fyrirbærið.

⁴ Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála“, *Hinn launbelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 269–295, hér bls. 269–270.

⁵ *Extent, nature and consequences of rape victimization: Findings from the national violence against women survey*, National Institute of Justice í Bandaríkjunum, 2006, sótt 1. nóvember 2018 af <https://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/210346.pdf>, hér bls. 7–12.

⁶ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“, *Hinn launbelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*, ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 57–108, hér bls. 60–61; Ragnheiður Bragadóttir, „Próun refsinga fyrir kynferðisbrot“, *Stjórnmál og stjórnsýsla* 5: 1/2009, bls. 49–68, hér 61–63.

⁷ Timothy D. Wilson, Elliot Aronson og Kevin Carlsmith, „The art of laboratory experimentation“, *Handbook of Social Psychology*, ritstj. Susan T. Fiske, Daniel T. Gilbert og Gardner Lindzey, Hoboken NJ: Wiley, bls. 51–81.

Fáar rannsóknir eru til um þetta efni, en í erlendum rannsóknum hafa skýringar gerenda á ofbeldi verið kannaðar til að meta hvað fær þá til að brjóta á öðrum. Til dæmis hafa rannsakendur tekið viðtöl við dæmda nauðgara sem sitja inni fyrir brot sín⁸ og ónafngreindir gerendur hafa sett fram sínar eigin sögur á netinu.⁹ Útskýringar og réttlætningar gerendanna varpa ljósi á sýn þeirra, en þær eru einnig mikilvægar af því að þeir sem réttlæta brot sitt eru líklegri til að fremja annan kynferðisglæp innan árs.¹⁰ Skýringarnar sem gerendurnir gefa eru fjölbreyttar en algengt er að þolendum sé kennt um ofbeldið, til dæmis að þeir hafi dregið gerandann á talar og skipt um skoðun seinna, eða að áfengisneyslu þolanda sé um að kenna. Þar að auki taka gerendaskýringar mið af útbreiddum samfélagslegum viðhorfum til samskipta kynjanna og kynlífs, eins og að karlar þurfi að eiga frumkvæði að kynlífi og að konur segi nei við kynlífi en meini í raun já.¹¹

Erlendar rannsóknir á skýringum þolenda á kynferðisofbeldi hafa hins vegar skilað sundurleitum niðurstöðum. Árið 2014 leiddi ein slík rannsókn meðal kvenkyns háskólanema í Bandaríkjunum í ljós að þolendur kynferðisofbeldis kenndu gerendum sjálfum oftast um ofbeldið.¹² Rannsókn frá 2017 á svipuðum hópi sýndi aftur á móti að þolendur nauðgana kenndu oftast sjálfum sér og samfélaginu um glæpinn, einnig teldu þeir ástæðuna vera sérstakar aðstæður, en athyglisverðast var að þeir kenndu gerandanum sjaldnast um, raunar sögðu 52% þátttakenda að ofbeldið væri alls ekki gerandanum að kenna.¹³

⁸ Anthony R. Beech, Tony Ward og Dawn Fisher, „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, *Sex Roles*, 72: 11–12/2006, bls. 1635–1653, hér bls. 1638–9.

⁹ Tracy N. Hipp, Alexandra L. Bellis, Bradley L. Goodnight, Carolyn L. Brennan, Kevin M. Swartout og Sarah L. Cook, „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, *Psychology of Violence*, 7: 1/2017, bls. 82–90, hér bls. 82.

¹⁰ Rhiana Wegner, Antonia Abbey, Jennifer Pierce, Sheri E. Pegram og Jacqueline Woerner, „Sexual assault perpetrators’ justifications for their actions: Relationships to rape supportive attitudes, incident characteristics, and future perpetration“, *Violence Against Women*, 21: 8/2015, 1018–1037, hér bls. 1018.

¹¹ Anthony R. Beech o.fl., „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, bls. 1635; Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 84–87.

¹² Carin Perilloux, Joshua D. Duntley og David M. Buss, „Blame attribution in sexual victimization“, *Personality and Individual Differences*, 63/2014, bls. 81–86, hér bls. 83.

¹³ Sapanda D. Donde, „College women’s attributions of blame for experiences of

Rannsóknir á skýringum ofbeldis eru oftast gerðar með tvennum hætti: Með því að taka viðtöl eða leggja spurningalista fyrir gerendur eða þolendur. Aðferðirnar hafa sína kosti og galla, þar sem viðtöl leyfa djúpa greiningu á litlum hópi en með notkun spurningalista má safna tölulegum gögnum frá stórum hópi. Sýn rannsakandans á viðfangsefnið mótast um hvað er spurt og hvernig, en viðtöl bjóða upp á meiri sveigjanleika hvað þetta varðar. Samfélagsmiðlar hafa opnað nýja leið til að rannsaka skýringar á ofbeldi, þar sem mikið efni hefur verið gert opinbert sem fjallar um upplifanir, skoðanir og tilfinningar fólks. Kosturinn er að færslurnar koma beint frá viðkomandi aðilum án milligöngu fræðimanna. Þetta skiptir máli af því að samfélagsumræðan um ofbeldi ætti ekki aðeins að fara fram milli fræðimanna, heldur einnig meðal almennings og þá sérstaklega þeirra sem hafa persónulega reynslu af málaflokknum. Rannsóknir á samfélagsmiðlum geta líka auðveldað rannsóknir á viðkvæmum viðfangsefnum því þær fela yfirleitt í sér minna inngríp fyrir þátttakendur.¹⁴ Líkt og með aðrar rannsóknir mótast sýn fræðimanna þó þessa tegund gagna á einhvern hátt, því merking er lesin út úr færslunum sjálfum. Fyrsta rannsókn þessarar tegundar kom út árið 2017 og skoðaði frásagnir gerenda kynferðisofbeldis sem þeir birtu nafnlaust á síðunni Reddit.¹⁵ Auglýst var eftir sögum gerenda og spurt hvað hefði vakað fyrir þeim og hvort þeir sæju eftir að hafa brotið á öðrum. Rannsakendur greindu skýringar og réttlætningar í 68 sögum gerenda og komust að því að þær sneru yfirleitt að samfélaginu eða þolandanum, ekki að gerandanum sjálfum.

Rannsóknin sem hér verður greint frá er sú fyrsta hérlendis sem skoðar skýringar á ofbeldi og sú fyrsta í heiminum sem nýtir sér gögn frá þolendum kynferðisofbeldis af samfélagsmiðlum til þess (svo höfundur viti til).¹⁶ Rannsóknin byggir á íslenskum færslum sem þolendur kynferðis-

sexual assault“, *Journal of Interpersonal Violence*, 32: 22/2017, bls. 3520–3538, hér bls. 3527.

¹⁴ Timothy D. Wilson, Elliot Aronson og Kevin Carlsmith, „The art of laboratory experimentation“, *Handbook of Social Psychology*, ritstj. Susan T. Fiske, Daniel T. Gilbert og Gardner Lindzey, Hoboken NJ: Wiley, bls. 51–81.

¹⁵ Reddit.com er vefsíða þar sem notendur setja inn fréttir, myndir og fleira og aðrir geta komið með viðbrögð og athugasemdir. Í febrúar 2018 voru 542 milljón heim-sókna á síðuna (sbr. <https://en.wikipedia.org/wiki/Reddit>). Sjá grein um skýringar gerenda í Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 82.

¹⁶ Fjölbreyttar rannsóknir á samfélagsmiðlum eiga sér stað um allan heim, til dæmis til að skoða kosningahegðun fólks í sambengi við nýtingu á samfélagsmiðlum. Einnig hafa sumir rannsakendur skoðað frásagnir af netinu um kynferðisofbeldi og við-

ofbeldis hafa skrifað á Twitter og Facebook um upplifun sína. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á skýringar sem koma fram í færslum þolandanna og bera þær saman við fyrri rannsóknir. Gögnin eru fjölbreytt þar sem þolendur segja frá eigin upplifun og áhrifum ofbeldisins. Í sumum tilvikum vísa þolendur beint í ákveðna þætti sem skýringu ofbeldisins en lýsa einnig aðstæðum, hegðun gerandans og viðbrögðum annarra. Lýsingar í frásögnum þolandans eru mikilvægar í þessu samhengi þar sem frásögn þolandans er sjálfsprottin, þ.e. ekki svar við ákveðinni spurningu. Upplýsingarnar sem koma fram markast þannig af því sem viðkomandi finnst sjálfum mikilvægt og vill að aðrir viti. Rannsóknir í félagsálfræði hafa sýnt að fólk hefur ríka þörf fyrir að leita að dýpri merkingu og skýringum á eigin upplifunum. Frásagnir og lýsingar af atburðum endurspeglar þannig gjarnan þætti sem skýra þá. Til dæmis er klassísk tilraun í sálfræði að biðja þátttakendur að lýsa myndbandi af þríhyrningi, kassa og hring sem færast um skjá á ákveðinn hátt. Þrátt fyrir að aðeins sé beðið um lýsingar gefa þátttakendur nær undantekningarlaust skýringar á hreyfingunum og gefa jafnvel dauðum hlutum ætlun (t.d. að eitt formið sé að stríða hinum).¹⁷ Samfélagsmiðlafærslur sem byggja á lýsingum endurspeglar því ekki einungis sýn þolenda heldur geta þær einnig endurspeglar skýringar á atburðinum. Þolandinn getur þannig dregið athyglina að ákveðnum þáttum, sem geta kallast á við reynslu þeirra af samskiptum við gerandann og samfélagið. Efnið er mikilvægt af því að það varpar ljósi á sýn þolenda, en einnig af því að frásagnirnar endurspeglar samfélagsleg viðhorf til kynferðisofbeldis.

Aðferð

Gögn rannsóknarinnar eru 397 íslenskar færslur sem voru settar á Facebook og Twitter frá apríl 2015 til mars 2017.¹⁸ Í gagnaoöfluninni var leitað eftir færslum með leitarorðum sem tengjast ofbeldi og þeirri umfjöllun sem skapaðist í kjölfar Beauty tips hreyfingarinnar: Ofbeldi, kynferðisofbeldi, #dagineftir, #konurtala, #þöggun. Einungis voru valdar færslur þar sem

brögð frá öðrum við frásögnum þolenda (til dæmis á Twitter). Skýringar þolenda í frásögnum þeirra á samfélagsmiðlum eru aftur á móti nokkuð þröngt viðfangsefni og höfundur hefur ekki tekist að finna neina aðra grein þar sem sú aðferð hefur verið notuð.

¹⁷ Denis Hilton, „Social Attribution and Explanation“, *The Oxford Handbook of Causal Reasoning*, ritstj. Michael Waldmann, Oxford: Oxford University Press, 2017.

¹⁸ Safnað í maí og júní 2017.

viðkomandi sagði frá eigin reynslu af ofbeldi. Gögnum af Twitter var safnað úr færslum í opnum aðgangi en Facebook-gögnin komu frá hópnum Beauty tips¹⁹. Flestir þolendanna sem greindu frá reynslu sinni voru kvenkyns (94,5%) og þar sem kyn var tilgreint voru flestir gerendur karlkyns (97,5%; kyn geranda var tilgreint í um 75% tilvika).²⁰

Þessi rannsókn einkennist af stafrænni aðferðafræði (e. *digital methodology*), sem hefur verið leiðandi í rannsóknum á samfélagsmiðlum. Í stuttu máli felur nálgunin í sér að hinn stafræni heimur (s.s. internetið) sé framlenging á raunheiminum og lúti mörgum sömu lögmálum. Þessir heimar skarast og hafa stöðugt áhrif hvor á annan.²¹ Tveir aðalþættir eru sameiginlegir með raunheiminum og netheiminum þegar kemur að þessu rannsóknarefni. Í fyrra tilvikinu fela frásagnir yfirleitt í sér einhverja lýsingu á atburðinum sjálfum og áhrifum hans, óháð því hvar frásögnin á sér stað. Í síðara tilvikinu þá hafa þær fáu fyrri rannsóknir sem eru til um þetta efni sýnt að kynferðisofbeldi er skýrt með svipuðum þáttum, í raunheimi (viðtöl við gerendur og spurningalistar meðal þolenda) og í hinum stafræna heimi (í nafnlausum frásögnum gerenda á netinu). Þó ber að nefna að frásagnir eru ekki alltaf sambærilegar þegar kemur að því að hverjum þær beinast. Í eigin persónu segja þolendur oftast vinum eða fjölskyldu frá, en á netinu er frásögnin opinber. Þolendur fá þannig tækifæri til að tjá sig um reynslu sína en einnig til að taka skýra afstöðu gegn ofbeldinu og benda á þætti sem viðkomandi finnst skipta máli. Þetta rannsóknarefni er mjög nýtt og nauðsynlegt er að rannsaka það frekar, sérstaklega hvernig frásagnir og skýringar ofbeldis hafa áhrif hvort á annað í raunheimi og í hinum stafræna heimi.

Eigindleg greining gagnanna fór fram í tveimur þrepum. Fyrst var notuð bráðabirgðakóðun (e. *provisional coding*)²² þar sem gagnasafnið var

¹⁹ Persónuvernd hefur skilgreint stóra hópa á Facebook sem opna, í ágúst 2018 voru 34.815 meðlimir í Beauty Tips hópnum. Þessi rannsókn var tilkynnt til Persónuverndar í apríl 2017. Þegar vitnað er beint í orð þolenda þá var leyfi þeirra fengið, ef þess reyndist nokkur kostur.

²⁰ Frekari upplýsingar um gagnasafnið má finna í bókinni *Rape in the Nordic Countries* þar sem fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum skrifa kafla um nauðganir og félagslegt sambhengi þeirra. Bókin er væntanleg árið 2019.

²¹ Richard Rogers, *Digital methods*, Massachusetts Institute of Technology: Cambridge, MA, 2013. Hið stafræna er þar af leiðandi ekki eðlisólíkt raunheiminum, heldur endurspeglar félagslegt umhverfi okkar og heimssýn. Þessi nálgun er svo notuð við þemagreiningu, sem er lýst nánar á næstu síðu.

²² Þessi nálgun við kóðun felur í sér að rannsakandi skilgreinir fyrirfram eitthvað fyrirbæri eða hugtak sem leita á að. Í þessari rannsókn var einblínt á einhvers konar

lesið og dregin út öll tilvik þar sem sett var fram einhvers konar skýring eða lýsing á ofbeldi. Bæði var leitað að tilvikum þar sem viðkomandi sagði beinum orðum að eitthvað væri skýring, en einnig þar sem lýsingar gáfu ákveðnar skýringar í skyn. Kosturinn við að horfa á báða flokka er sá að lýsing á atburðum getur falið í sér ákveðna eignun án þess að hún sé endilega beint orðuð sem skýring, út frá samhenginu. Þemagreining (e. *thematic analysis*) var svo nýtt til að flokka og skapa heildstæða mynd af skýringunum. Þemagreining felur í sér að skoða alla þá kóða sem dregnir hafa verið út úr gagnasafninu, meta hvernig þeir eru líkir og ólíkir og flokka þá saman í þemu.²³ Skýringarnar sem fram komu í gagnasafninu voru fjölbreyttar en greina mátti þrjú meginþemu: Skýringar sem beinast að samfélaginu, að þolendum og að gerendum. Hér á eftir verður fjallað um hvert þema fyrir sig og undirflokkar þeirra, auk þess sem niðurstöðurnar verða bornar saman við fyrri rannsóknir.

Samfélagslegar skýringar

Algengustu skýringarnar í færslum þolenda sneru að samfélaginu og að því hvernig ákveðin viðhorf stuðli að ofbeldi. Í frásögnum þolenda komu fram fjórar samfélagslegar skýringar á kynferðisofbeldi: Almenn neikvæð viðhorf til kvenna, líffræðileg eðlishyggja (e. *biological essentialism*), réttindi (e. *entitlement*) og hlutgerving (e. *objectification*). Fyrri rannsóknir hafa sýnt að þeir sem brjóta kynferðislega á öðrum eru líklegri en aðrir til að hafa neikvæð viðhorf til kvenna²⁴ og að viðhorf dæmdra nauðgara til kvenna

skýringu ofbeldis, óháð því hvort hún var sett fram sem eigin skýring eða annarra. Sjá meira um þessa aðferð í Johnny Saldana, *The coding manual for qualitative researchers*, London; SAGE, 2015.

²³ Þemagreining er eigindleg rannsóknaraðferð þar sem rannsakandi skoðar texta og skipuleggur merkingu hans í þemu til að skilja innihaldið. Stephanie Riger og Rannveig Sigurvinsdóttir, „Thematic Analysis“, *Handbook of Methodological Approaches to Community Based Research*, ritstj. Leonard Jason og David Glenwick, 2015, bls. 33–41.

²⁴ Antonia Abbey, Pam McAuslan og Lisa Thomson Ross, „Sexual assault perpetration by college men: The role of alcohol, misperception of sexual intent, and sexual beliefs and experiences“, *Journal of Social and Clinical Psychology*, 17: 2/2001, bls. 167–195; Antonia Abbey, Pam McAuslan, Tina Zawacki, Monique Clinton og Philip O. Buck, „Attitudinal, experiential, and situational predictors of sexual assault perpetration“, *Journal of Interpersonal Violence*, 16: 8/2001, bls. 784–807; Joetta L. Carr og Karen M. VanDeusen, „Risk factors for male sexual aggression on college campuses“, *Journal of Family Violence*, 19: 5/2004, bls. 279–289; Neil M. Malamuth, Daniel Linz, Christopher L. Heavey, Gordon Barnes og Michele Acker,

eru sérstaklega neikvæð.²⁵ Þar að auki hafa svokallaðar nauðgunarmýtur (e. *rape myths*) verið mikið rannsakaðar, en þær fela í sér réttlætningar á ofbeldi karla gegn konum eða að lítið sé gert úr því. Gerendur vísa gjarnan til slíkra viðhorfa til að útskýra og réttlæta hegðun sína²⁶ en karlar eru líklegri til að nauðga ef þeim finnst slík viðhorf vera ráðandi í samfélaginu.²⁷ Neikvæð viðhorf gerenda til kvenna komu ítrekað fram í gagnasafninu. Þessi afstaða var dæmigerð fyrir lestur þolenda á hegðun gerenda, sbr:

Hann kallaði mig tussu, hóru, ógeðslega, druslu... hans eign. Hann sagði mér að ég ætti ekkert gott skilið, það myndi enginn hjálpa mér.

Hér notar gerandinn niðurlægjandi orð til að uppnefna og lítillækka þolandann, sem hægt er að túlka þannig að það bæði endurspeglar afstöðu hans og er hluti af ofbeldinu sjálfu. Í öðrum tilvikum koma fram viðhorf sem fela ekki í sér eins augljósa kvenfyrirlitningu en eru samt sem áður neikvæð, eins og til dæmis sú hugmynd að þegar konur segi nei við kynlífi þá meini þær í raun já. Þessi afstaða er gerandanum því réttlætning á því að brjóta á þolanda, þrátt fyrir mótmæli. Í gagnasafninu voru mörg dæmi um þetta, en hér er eitt, þar sem þolandinn vitnar beint í gerandann:

„Þú veist þú vilt það“ Já, fyrirgefðu. Takk fyrir að láta mig vita eftir að ég er búin að segja fimmtíu sinnum nei.

„Using the confluence model of sexual aggression to predict men's conflict with women: A 10-year follow-up study“, *Journal of Personality and Social Psychology*, 69: 2/1995, bls. 353–369; Andra Teten Tharp, Sara DeGue, Linda Anne Valle, Kathryn A. Brookmeyer, Greta M. Massetti og Jennifer L. Matjasko, „A systematic qualitative review of risk and protective factors for sexual violence perpetration“, *Trauma, Violence & Abuse*, 14: 2/2013, bls. 133–167; Tina Zawacki, Antonia Abbey, Philip O. Buck, Pamela McAuslan og A. Monique Clinton-Sherrod, „Perpetrators of alcohol-involved sexual assaults: How do they differ from other sexual assault perpetrators and nonperpetrators?“, *Aggressive Behavior*, 29: 4/2003, bls. 366–380.

²⁵ Anthony R. Beech o.fl., „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, bls. 1635.

²⁶ Sama rit, bls. 1635–1653; sjá einnig Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 87–89.

²⁷ Gerd Bohner, Frank Siebler og Jurgen Schmelcher, „Social norms and the likelihood of raping: Perceived rape myth acceptance of others affects men's rape proclivity“, *Personality and Social Psychology Bulletin*, 32: 3/2006, bls. 286–297.

Í fyrri rannsóknum kemur þetta viðhorf, að konur segi nei við kynlífi en meini í raun já, einmitt líka fram sem skýring af hálfu þeirra sem brjóta kynferðislega gagnvart öðrum.²⁸ Sú staðreynd að þolandinn nefnir þessa réttlætningu í eigin færslu endurspeglar líklega að viðhorfið hafi haft áhrif á upplifun þolandans.

Með líffræðilegri eðlishyggju er átt við það samfélagslega viðhorf að karlmenn stjórnist af eigin líffræði, til dæmis hormónum, og að þeir hafi enga stjórn á kynferðislegum hvötum sínum.²⁹ Þessi skýring hefur áður komið fram hjá gerendum en sumir þeirra halda því fram að kynhvöt þeirra sé óviðráðanleg og knýi þá til að brjóta gegn öðrum. Í nafnlausum sögum gerenda á netinu er þetta t.d. nefnt sem réttlætning á ofbeldishegðun.³⁰ Í þessari rannsókn vísuðu þolendur ítrekað til líffræðilegar eðlishyggju, sem afsökunar gerandans; hann hafi ekki þóst geta stjórnað eigin hvötum. Hér má sjá dæmi:

Upp úr því fóru nauðganirnar hratt fjölgandi, ég liggjandi grátandi að biðja hann um að hætta og ekki snerta mig en hann þurfti að klára sitt. Kyssti mig þegar hann klárar og segir „Sorry, var bara rugl graður“.

Í þessu tilviki virðist sem gerandinn átti sig á broti sínu en telji það léttvægt eða réttlætlanlegt. Af orðum annarra gerenda má ráða að þeir líti á þessar líffræðilegu hvatir sem þarfir sem þeir verði að fá uppfylltar:

Þegar hann loksins var búinn og losaði mig hreytti ég í hann að hann hefði verið að nauðga mér, hann svaraði „nei! þetta var ekkert nauðgun, ég hætti bara að hugsa um hvað þú vildir og einbeitti mér að mínum þörfum í staðinn“.

²⁸ R. Lance Shotland og Barbara A. Hunter, „Women’s “token resistance” and compliant sexual behaviors are related to uncertain sexual intentions and rape“, *Personality and Social Psychology Bulletin*, 21: 3/1995, bls. 226–236, hér bls. 226; Diana Scully og Joseph Marolla, „Riding the bull at Gilley’s”: Convicted rapists describe the rewards of rape“, *Social Problems*, 32: 3/1985, bls. 251–263, hér bls. 251.

²⁹ Catherine A. MacKinnon, *Women’s lives, men’s laws*, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2005, bls. 65–67.

³⁰ Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 86.

Hér virðist gerandinn telja kynlífsþarfir sínar mikilvægari en vilja þolandans, en það er algengt viðhorf meðal dæmdra nauðgara.³¹ Gerendur taka einnig að sér að hrútskýra fyrir þolandanum óumbreytanlegt eðli karla sem ekkert sé við að gera:

Hann gekk lengra þrátt fyrir mótmæli mín. Ég sagði nei en hann þrýsti sér inn í mig, sagði að ég myndi byrja að fýla það eftir smástund. Ég gafst upp og lét mig hafa það. Vildi ekki gefa honum „blue balls“ eins og hann sagði að gæti gerst ef ég ríði honum ekki ... Hann kenndi mér ýmislegt um karlmenn sem hefur tekið mig mörg ár að aflæra. Hann kenndi mér að það hvort ég vildi ríða eða ekki skipti ekki máli. Það væri fyrir öllu að hann fengi það. Hann sagði mér að allir karlmenn væru svona. Að ég væri bara að gera mikið úr hlutunum. Þetta væri eðlilegt.

Af síðustu tveimur tilvitnunum má ráða að gerandinn sjái líffræðilegar þarfir karlmanna sem sérstakar og óstjórnlegar, en einnig að karlar eigi rétt á líkömum kvenna. Hérna virðist ætlast til þess að þolendur sætti sig einfaldlega við það að ofbeldi sé eðlilegur hluti af kynlífi, karlar eigi að fá að sofa hjá, óháð því hvað konum finnist um það. Fáar vandaðar rannsóknir eru til um þetta efni, en til dæmis sýndi ein tilraunarrannsókn að þvingað skírlífi hafði ekki áhrif á líffræðileg viðbrögð karla við kynlífi.³² Greinilegt er að þolandinn sjálfur hafnar þessum skýringum, en finnst mikilvægt að segja frá því hvernig gerandinn réttlætir brot sitt. Líffræðileg eðlishyggja hefur komið sterkt fram í fyrri rannsóknum,³³ en hún leiðir til misvísandi skýringa því með henni er gefið í skyn að gerandinn geti ekki stjórnað gerðum sínum og því ekki borið ábyrgð á brotinu. Þannig sjáum við að sé kynhvöt karla óviðráðanleg í eðli sínu þá er erfitt að draga þann til ábyrgðar sem brýtur gegn öðrum kynferðislega.

³¹ Anthony R. Beech o.fl., „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, bls. 1642.

³² Michael S. Exton, Tillmann H.C. Krüger, Norbert Bursch, Philip Haake, Wolfram Knapp, Manfred Schedlowski og Uwe Hartmann, „Endocrine response to masturbation-induced orgasm in healthy men following a 3-week sexual abstinence“, *World Journal of Urology* 19: 5/2001: bls. 377–382, þar sem karlar voru látnir forðast kynlíf og sjálfsfróun í 3 vikur og líffræðilegar mælingar fóru fram á meðan sjálfsfróun átti sér stað. Helstu niðurstöður voru að skírlífið hafði ekki áhrif á líffræðileg viðbrögð við fullnægingu.

³³ Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 86.

Líffræðileg eðlishyggja getur líka tengst klámvæðingu, en eins og hér má sjá biðst gerandinn í raun afsökunar af því að hann veit að hann hefur brotið á þolanda:

Auðvitað fór ég í sjokk og spurði hann hvað hann væri að gera og svarið var einfaldlega „Sorry, ég er svo graður“ og svo hélt hann áfram og ég sagði honum að hætta enn svo hélt hann bara áfram og svo reyndi ég að ýta honum af mér enn það gekk ekki... síðan hélt hann enn og aftur bara áfram og svo sagði hann: „Geturu ekki allavegana gefið frá þér svona hljóð eins og þér líki við þetta?“³⁴

Síðasta setningin vitnar um þá kröfu að þolandinn hegði sér á ákveðinn hátt til að þóknast gerandanum meðan brotið á sér stað, ef til vill til að líkja eftir klámi. Þolandinn á að láta eins og viðkomandi líki þetta, þótt báðir aðilar viti að svo er ekki. Líffræðileg eðlishyggja og klám hafa einnig birst í listaverkum og fjölmiðlum, til dæmis má sjá teikningu eftir Hugleik Dagsson³⁵ hér fyrir neðan sem endurspeglar síðustu tilvitnun vel.



³⁴ Þetta er ein af tveimur tilvitnunum greinarinnar sem kemur frá karlmanni, en hún sýnir að þolandur geta einnig verið karlkyns og orðið fyrir áhrifum samfélagslegra hugmynda um kynferðisofbeldi og klám.

³⁵ Hugleikur Dagsson, *Hvað með börnin?*, Reykjavík: Forlagið, 2015, bls. 44.

Bæði í teikningunni og í tilvitnuninni á þolandinn ekki bara að þola ofbeldið, heldur líka að láta eins og hann sé samþykkur því. Samhengið er vissulega ólíkt, þar sem Hugleikur Dagsson setur þetta fram sem grín og viðhorf persónunnar í myndasögunni er líklega ekki hans sjálfs. Með því að setja dæmið upp á þennan hátt er Hugleikur að gagnrýna nauðg-unarmýtur og draga fram hversu fáránlegar þessar aðstæður eru. Það að Hugleikur og gerandinn í tilvitnuninni segi næstum orðrétt sama hlutinn getur mögulega endurspeglað hversu sterk þessi samfélagslega hugmynd er. Í einni færslunni er fjallað beinum orðum um að samfélagið eigi stór-an þátt í að kalla fram ofbeldi með því að tengja kynlíf við niðurlægingu kvenna:

Það er eitthvað verulega brenglað í samfélaginu okkar sem segir ótrúlegum fjölda stráka og karla að ofbeldi sé eðlileg hegðun. Og ótrúlega sick að svona margir karlar fái kynferðislegt kikk út úr nið-urlægingu. Ég skil það ekki en ég trúi því að það geti breyst. Það verður að breytast!

Réttindaskýringar (e. *entitlement*) felast í því að karlar telja sig eiga rétt á konum, sérstaklega þegar kemur að kynlífi. Til dæmis finnst dæmdum nauðgurum að kynferðislegar þarfir þeirra séu mikilvægari en annarra.³⁶ Réttindaskýringar eru algengar en til dæmis finnst mörgum eiginmönnum og kærustum að þeir eigi rétt á kynlífi frá maka sínum. Þessar hugmynd-ir eru svo rótgrónar að í réttarkerfi Bandaríkjanna má finna mörg dæmi þess að eiginmenn séu ekki dæmdir fyrir að nauðga konum sínum.³⁷ Á Íslandi fengu slík viðhorf stoð í lögum og í sifjarétti þótti vera fyrir hendi svonefnd jákvæð hjúskaparskylda (lat. *debitum conjugale* eða *carnale*), þar sem skylt er að leggjast með maka sínum. Dæmi eru um að í Danmörku á 18. öld hafi verið reynt að þvinga fólk til þessa með refsiviðurlögum, en ekki er vitað til að slíkt hafi verið gert á Íslandi, en allt þar til núgildandi hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 gat „synjun annars maka á kynmökum

³⁶ Anthony R. Beech o.fl., „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, bls. 1642.

³⁷ Walter S. DeKeseredy, McKenzie Rogness og Martin D. Schwartz, „Separation/divorce sexual assault: The current state of social scientific knowledge“, *Aggression and Violent Behavior*, 9: 6/2004, bls. 675–691. Þetta efni hefur ekki verið rannsakað sérstaklega í íslenskum dómum en það væri áhugavert að sjá hvort svipaðar niðurstöður kæmu fram.

án gildra ástæðna verið skilnaðarsök“. ³⁸ Í þessari rannsókn komu réttinda-skýringar fram hjá þolendum, bæði varðandi hegðun gerandans og viðhorf samfélagsins:

Ég vildi að stráknum sem nauðgaði mér hefði ekki verið kennt að hann ætti það inni hjá mér að ég myndi sofa hjá honum.

Hér sést mjög skýrt að þolandinn telur samfélagið og viðhorf sem strákum séu kennd vera stóran orsakaþátt í ofbeldinu. Í ástarsamböndum geta slíkar hugmyndir um réttindi einnig komið við sögu, þ.e. að konum sé skylt að veita maka sínum kynlíf:

„Ef ég fæ ekki að ríða þér, þá er ég hættur með þér.“ Ég veit ekki hversu oft þessi setning hefur spilast í hausnum á mér og mér hefur langað að fara aftur í tímann og knúsa brotnuðu litlu mig og segja að ég eigi að standa með sjálfri mér.

Hér setur þolandinn fram réttindaskýringu í þeim skýra tilgangi að hafna henni. Réttindaskýringar má sjá víða í samfélaginu, til dæmis meðal hóps sem nefnir sig „incels“ og segist stunda skírlífi gegn vilja sínum (e. *involuntarily celibate*). Meðlimi hans má finna víða um heim en þeir álíta að karlar eigi rétt á kynlífi og að það sé óréttlátt ef konur vilji ekki stunda kynlíf með þeim. Viðbrögð þeirra við meintu óréttlæti eru hatur og ofbeldi, en nýlega hafa einstaklingar sem kenna sig við þessa hreyfingu gerst sekir um hryðjuverk. ³⁹ Réttindaskýringar eru því hættulegar vegna þess að þær eru notaðar til að réttlæta yfirstaðið ofbeldi og það sem meira er, þær geta einnig stuðlað að frekara ofbeldi seinna meir, líkt og aðrar ranghugmyndir sem eru notaðar til að réttlæta ofbeldi.

Síðasta samfélagslega skýringin er hlutgerving, en hún felur í sér að fólk er metið út frá útliti og notagildi fyrir aðra. Það á sérstaklega við um konur, sem þá eru metnar eftir því hvernig líkamar þeirra geta nýst til

³⁸ Ármann Snævarr, *Sifjaréttur* II (4. útgáfa), Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1988, bls. 351.

³⁹ Alek Minassian drap 10 manns í apríl 2018 í Toronto, Kanada, og Elliot Rodger drap 6 manns í maí 2014 í Kaliforníu, Bandaríkjunum, en báðir kenndu sig við Incel hreyfinguna. Sjá Robin Abcarian, „The idea of an incel rebellion would be laughable if it hadn't already resulted in so many murders“, *Los Angeles Times*, 8. maí 2018, sótt 12. júní 2018 af <http://www.latimes.com/local/abcarian/la-me-abcarian-incels-20180508-story.html>.

að þjónusta karla og uppfylla þarfar þeirra.⁴⁰ Viðhorf sem einkennast af hlutgervingu kvenna koma til dæmis fram hjá körlum sem gefa konum einkunnir fyrir útlit sitt, uppnefna þær og leggja áherslu á notagildi líkama þeirra fyrir þá sjálfa.⁴¹ Almennt eru þeir sem hlutgera aðra líklegri til að kenna þolendum fremur en gerendum um ofbeldi og gera lítið úr þjáningu hinna fyrrnefndu.⁴²

Sumir þolendanna í rannsókninni lýstu því að þeir hefðu sjálfir verið farnir að upplifa eigin líkama sem hlut, og að það hefði haft áhrif á hegðun þeirra og e.t.v. átt þátt í því að ofbeldið átti sér stað:

Ég trúði því í raun og veru að virði mitt lægi í líkama mínum og hvernig aðrir sæju hann og nytu hans. Það tók fjölmörg ár fyrir mig að læra að kynlíf er eitthvað sem maður nýtur MEÐ öðrum, ekki eitthvað sem gert er FYRIR aðra.

Til dæmis hefur hugtakið eigin ögun (e. *normalization*) verið notað til að skýra það hvernig þolendur ofbeldis aðlagast að ofbeldinu og hugmyndum tengdum því. Orðræða um fyrirbæri getur haft mikil áhrif á viðhorf fólks, jafnvel á þann hátt að viðkomandi fer að haga eigin hegðun í takt við það. Þetta kemur svo ekki upp á yfirborðið fyrr en einhver hefur beinlínis boðið þessari hugmynd birginn.⁴³ Mögulega endurspeglar þessi afstaða, að hafna hlutgervingunni, aukna umræðu og hugarfarsbreytingu í samfélaginu um kynferðislegt ofbeldi, þ.e.a.s. að þolendur sjá eigin upplifun í nýju ljósi. Þar að auki sýna færslurnar að hegðun gerenda endurspeglar hvernig þol-andinn er hlutgerður:

⁴⁰ Barbara L. Fredrickson og Tomi-Ann Roberts, „Objectification theory: Toward understanding women’s lived experiences and mental health risks“, *Psychology of Women Quarterly*, 21: 2/1997, bls. 173–206.

⁴¹ Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 86–87.

⁴² Steve Loughnan, Afroditi Pina, Eduardo Vasquez og Elisa Puvia, „Sexual objectification increases rape victim blame and decreases perceived suffering“, *Psychology of Women Quarterly*, 37: 4/2013, bls. 455–461, hér bls. 455; Philippe Bernard, Steve Loughnan, Cynthia Marchal, Audrey Godart og Olivier Klein, „The exonerating effect of sexual objectification: Sexual objectification decreases rapist blame in a stranger rape context“, *Sex Roles*, 72: 11–12/2015, bls. 499–508, hér bls. 499.

⁴³ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Leitað að mótsögnum“, *Fötlan: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*, ritstj. Rannveig Traustadóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006.

Yfir þennan tíma sem nauðgunin tók skellti hann mér í hvað sem honum sýndist og kom fram við mig eins og dauðan hlut eða kynlífsdúkk.

Hlutgerving getur einnig tengst öðrum samfélagslegum skýringum, t.d. þannig að ef konur eru hlutir þá hafi karlar eignarhald yfir þeim og megi koma fram við þær eins og þeir vilja. Samfélagskýringarnar sem koma fram í færslum þolenda eru blandaðar, en lýsa að mestu leyti því hvernig þolendur lesa í hegðun gerenda og í samfélagið sjálft. Þær lýsingar og skýringar sem koma hér fram geta endurspeglað hvaða áhrif samfélagsleg viðhorf hafa á ofbeldi.

Skýringar sem snúa að þolendum

Skýringar á ofbeldi sem snúa að þolanda þess hafa verið rannsakaðar, bæði frá sjónarhóli þolenda og gerenda.⁴⁴ Hér verður fjallað um tvær slíkar skýringar, viðnám brotaþola og áfengisneyslu hans. Fyrri rannsóknir sýna að gerendur, samfélagið og jafnvel réttarkerfið búist við því að sá sem verður fyrir kynferðisofbeldi veiti ákveðið viðnám til þess að fullyrða megi að um ofbeldi hafi verið að ræða (en ekki kynlíf með samþykki beggja). Gerendur hafa réttlætt ofbeldi með því að þolandinn hafi ekki sagt nei, hafi ekki sagt nei nógu skýrt eða jafnvel ekki barist nógu mikið um til þess að stöðva verknadinn.⁴⁵ Viðnámið virðist líka gegna lykilhlutverki í upplifun þolendanna sjálfra, oft kenna þeir sjálfum sér um ef þeir veittu ekki viðnám, en ef þeir börðust og ofbeldi átti sér samt sem áður stað kenna þeir gjarnan samfélaginu um nauðgunina.⁴⁶ Í færslunum sem skoðaðar voru fjalla þolendur m.a. um viðbrögð sín og viðnám í aðstæðunum til að útskýra ofbeldið:

Pegar mér var nauðgað sagði ég ekki orðið 'nei', heldur bað hann um að hætta og sagðist langa að fara heim en hann hætti ekki og ég fraus. Mér leið eins og ég ætti ekki skilið neina hjálp eftir á vegna þess að ég barðist ekki nógu vel á móti honum. En ég veit í dag að það er ekki rétt.

⁴⁴ Sapanda D. Donde, „College women’s attributions of blame for experiences of sexual assault“, bls. 3520–3538; Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 82–90.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 85–86; Carin Perilloux, Joshua D. Duntley og David M. Buss, „Blame attribution in sexual victimization“, bls. 81–86.

⁴⁶ Sapanda D. Donde, „College women’s attributions of blame for experiences of sexual assault“, bls. 3531–2.

Þolendur nefna að aðrir ætlist til þess að þeir komi í veg fyrir nauðgun með því að berjast gegn henni:

Í mörg ár hélt ég að þetta væri ekki nauðgun, því ég man ekki eftir að hafa barist á móti. Ég man ekki eftir að hafa sagt nei, reyndar man ég ekki eftir að hafa hreyft mig allan tímann. Svo lærði ég í fyrra að þetta kallast víst að frjósa. Ég er frjáls í dag frá þessu, enda veit ég að þetta var ekki mér að kenna.

Einnig kemur fyrir að aðrir, sem ekki áttu hlut að máli, kenna þolendum um ofbeldið:

Sagði kennara frá því sem gerðist en hann sagði mér að það væri mér að kenna að ég var ekki nógu „clear“ þegar ég sagði „hættu“ eða „ég vil þetta ekki“ svo ég hætti að reyna segja fólki.

Þessi skýring, að þolandinn eigi að hindra ofbeldið, tengist einnig líf-fræðilegri eðlishyggju sem gerir ráð fyrir að karlar ráði ekki við kynhvöt sína og að það sé því á ábyrgð þolandans að stöðva gerandann. Þetta er nátengt þeirri tilhneigingu að kenna þolendum um ofbeldi, sem virðist nokkuð sterk meðal almennings í spurningakönnunum⁴⁷ og jafnvel þegar þetta efni er skoðað sérstaklega á samfélagsmiðlum.⁴⁸

Önnur þolendaskýring er áfengisneysla, en þolendum er iðulega kennt um ofbeldi ef þeir voru undir áhrifum áfengis þegar glæpurinn var framinn. Þessi skýring kemur fram hjá þolendum sjálfum,⁴⁹ hjá gerendum⁵⁰ og meðal almennings.⁵¹ Í færslunum sem kannaðar voru var nokkuð algengt

⁴⁷ Enrique Gracia, „Intimate partner violence against women and victim-blaming attitudes among Europeans“, *Bulletin of the World Health Organization*, 92: 5/2014, bls. 380–381.

⁴⁸ Megan Stubbs-Richardson, Nicole E. Rader og Arthur G. Cosby, „Tweeting rape culture: Examining portrayals of victim blaming in discussions of sexual assault cases on Twitter“, *Feminism and Psychology* 28: 1/2018, bls. 90–108. Þar kemur fram að Twitter notendur sem birta staðhæfingar þar sem þolendum er kennt um ofbeldi eru líklegri til að hafa fleiri fylgjendur og vera deilt oftari (e. *retweeted*).

⁴⁹ Carin Perilloux, Joshua D. Duntley og David M. Buss, „Blame attribution in sexual victimization“, bls. 85.

⁵⁰ Tracy N. Hipp o.fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 85.

⁵¹ Amy Grubb og Emily Turner, „Attribution of blame in rape cases: A review of the impact of rape myth acceptance, gender role conformity and substance use on victim blaming“, *Aggression and Violent Behavior*, 17: 5/2012, bls. 443–452, hér bls. 443.

að áfengisneysla þolandans væri dregin fram sem skýring á ofbeldinu, oftast af þolandunum sjálfum. Þá var ölvunin stundum sögð hafa hindrað þolandann í að koma í veg fyrir ofbeldið eða hafa gert hann varnarlausan gagnvart gerandanum. Sumir þolendur lýsa því að ofbeldið hafi átt sér stað vegna áfengisneyslu þeirra. Hér getur skömm vegna eigin neyslu einnig átt hlut að máli:

Ég vildi að mér liði ekki eins og þetta væri mér að kenna af því ég var svo drukkin.

Í sumum færslum vekja þolendur athygli á því hversu slæm þessi viðhorf eru og hafna þeim beinlínis:

Ég hefði ekki átt að vera að drekka. Ég hefði ekki átt að þiggja þennan bjór. Bullshit. Hann hefði ekki átt að byrja mér.⁵²

Hérna setur þolandinn fram þessa sterku samfélagslegu hugmynd að ofbeldi sé sök þolanda sem er undir áhrifum áfengis til þess að benda markvisst á hana og andmæla henni.

Skýringar sem snúa að gerendum

Þær rannsóknir sem byggjast á sýn gerenda hafa sjaldnast lagt mikla áherslu á þá sjálfa sem skýringu ofbeldis. Slíkt kemur varla á óvart þar sem fólk er líklegra til að skýra eigin hegðun með vísan í aðstæður, en hegðun annarra með vísan í persónulega eiginleika þeirra sjálfra.⁵³ Meðal þolanda kom sú skýring fram að gerandinn sé vondur, til dæmis segir einn þeirra að gerandinn sé að leita að næstu beit, líkt og um dýr sé að ræða:

Mér líður bara illa og finn fyrir vissu óöryggi og kvíða að vita af svona mönnum á vappinu. Frjálsir sem fuglar í leit að næstu beit.

Rannsóknir á staðalímyndum gerenda kynferðisofbeldis í Bandaríkjunum hafa sýnt að mjög algengt er að almenningur sjái þennan hóp sem rándýr

⁵² Önnur tilvitnun frá karlmanni, sem sýnir að karlmenn geta einnig upplifað neikvætt samfélagslegar hugmyndir um áfengisneyslu þolanda þegar kemur að kynferðisofbeldi.

⁵³ Lee Ross, „The intuitive psychologist and his shortcomings: Distortions in the attribution process“, *Advances in Experimental Social Psychology*, 10/1977, bls. 173–220.

sem brjóti gegn ókunnugum, gera það vegna eigin skorts á siðferði og að þeir munu hegða sér svona, sama hvað að er gert.⁵⁴ Að einhverju leyti mætti líka tengja þessa tilvitnun líffræðilegri eðlishyggju, þar sem rándýr eru að fylgja eigin eðli með því að ráðast á aðra. Aðrir þolendur taka sérstaklega fram að gerandinn passi ekki inn í þá staðalímynd að gerandinn sé rándýr, en það geri brotið gegn þeim ekkert minna. Þetta getur m.a. haft áhrif á það hvort þolendum finnist að þeir geti sagt frá:

Mér leið illa með að segja frá af því að sá sem nauðgaði mér er ekki skrímsli né ógeð sem á að skera undan.

Staðreyndin er sú að gerendur kynferðisofbeldis er fjölbreyttur hópur.⁵⁵ Töluvert hefur verið rætt um þetta efni síðustu ár í íslensku samfélagi, til dæmis með tilkomu Druslugöngunnar og vinnu samtaka eins og Blátt áfram og Stígamóta.⁵⁶

Lokaorð

Skýringarnar sem koma fram í færslum af samfélagsmiðlunum eru að hluta til af samfélagslegum toga og vísa í ýmsar hugmyndir um konur, karla og samskipti kynjanna. Þær samanstanda af almennum neikvæðum viðhorfum til kvenna, líffræðilegri efnishyggju, réttindum karla til kynlífs og hlutgervingu.

Segja má að margar skýringanna sem koma fram í færslunum tengist að einhverju leyti innbyrðis. Þannig tengist líffræðileg eðlishyggja hugmyndum um réttindi, þ.e. að kynhvöt karla sé ekki bara sterk og óstjórnleg, heldur eigi þeir líka rétt á að fá hana uppfyllta, eins og fyrri rannsóknir

⁵⁴ Justin T. Pickett, Christina Mancini og Daniel P. Mears, „Vulnerable victims, monstrous offenders, and unmanageable risk: Explaining public opinion on the social control of sex crime“, *Criminology* 51: 3/2013, bls. 729–759. Íslenskar rannsóknir um þetta efni hafa ekki birst í ritrýndum tímaritum, en slík þekking væri mjög þörf.

⁵⁵ Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, „Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi“, *Stjórnarráðið*, desember 2010, sótt 29. apríl 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf, hér bls. 51–52.

⁵⁶ Sjá til dæmis Guðrún Jónsdóttir, „Surviving incest“, *Journal of Social Work Practice*, 4: 3–4/1990, bls. 56–70. Samtökin Blátt áfram voru stofnuð árið 2004 og á vegum þeirra hefur verið haldinn fjöldi fyrirlestra og námskeiða um kynferðisofbeldi gegn börnum (www.blattafram.is). Samtökin Stígamót (www.stigamot.is) voru stofnuð árið 1989 en starfsfólk þess veitir ráðgjöf og fræðslu um kynferðisofbeldi.

hafa gefið til kynna.⁵⁷ Ekki nóg með það, heldur er einnig ætlast til þess að konur berjist líkamlega gegn körlum, annars sé ekki um nauðgun að ræða. Skýringar gerendanna á kynferðisofbeldi virðast flestar miða að því að taka ábyrgðina af þeim (þeir ráði ekki við sig eða eigi rétt á þessu) og að kenna þolendum um (vegna skorts á viðnámi eða áfengisneyslu). Það er því mikilvægt að uppfæra ungt fólk og samfélagið í heild um þessi viðhorf og vinna markvisst gegn þeim, vegna þess að þau geta haft alvarlegar afleiðingar, s.s. frekara ofbeldi og skömm.

Í frásögnum þolendanna í þessari rannsókn koma fram mörg af sömu þemum og í fyrri rannsóknum á viðhorfum gerenda.⁵⁸ Eitt af því sem einkennir skýringarnar í færslunum er að þar setja þolendurnir fram ákveðin viðhorf í þeim tilgangi að andmæla þeim. Þetta á bæði við um viðhorf annarra og eldri viðhorf þolendanna sjálfra sem þeir hafa snúið baki við. Dæmi um þetta er hugmyndin um að áfengisneysla þolandans sé orsök ofbeldisins. Þessi aðferð, að setja fram skýringu gagnert til að hafna henni, er ein leið þolendanna til þess að benda á og vinna gegn skaðlegum ranghugmyndum. Þolendur geta því notað samfélagsmiðla til þess að hafna eigin ábyrgð á ofbeldinu, sem áður hafði verið lögð á þá. Að setja fram eigin sögu á þennan hátt er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi.

Þessi rannsókn hefur ákveðnar takmarkanir. Í fyrsta lagi miðast gögnin og greiningarnar við færslur sem voru settar fram á samfélagsmiðlum á ákveðnu tímabili. Auðvitað er mögulegt að í gagnasafnið vanti einhverjar færslur sem lúta að skýringum þolenda á kynferðisofbeldi. Það er því ekki hægt að fullyrða að gögnin endurspegli viðhorf allra þolenda. Færslurnar miðast líka við upplifun þolenda, þó þeir lesi gjarnan í hegðun annarra. Beinar skýringar á ofbeldi komu aðeins fram í sumum færslum og mikið af skýringum voru túlkanir á lýsingum þolenda. Eftir sem áður er hér um að ræða fyrstu rannsóknina sem skoðar viðfangsefnið með þessari aðferðafræði og veitir mikilvæga innsýn inn í málefnið.

Kynferðisofbeldi er alvarlegt efni og skýringar á því varpa ljósi á samfélagslegt samhengi þess. Forvarnir og viðbrögð við ofbeldi þurfa að taka mið af því að ofbeldi er ekki einangrað vandamál heldur tengist öðrum

⁵⁷ Anthony R. Beech o.fl., „The identification of sexual and violent motivations in men who assault women: Implication for treatment“, bls. 1642.

⁵⁸ Tracy N. Hipp o. fl., „Justifying sexual assault: Anonymous perpetrators speak out online“, bls. 82–90.

skaðlegum þáttum eins og neikvæðum viðhorfum til kvenna og íhaldssömum skoðunum um samskipti kynjanna. Frekari rannsóknir á þessu efni eru nauðsynlegar til að skilja betur skýringar á ofbeldi.⁵⁹

ÚTDRÁTTUR

„Þú veist þú vilt það“

Skýringar á kynferðisofbeldi á samfélagsmiðlum

Skýringar á kynferðisofbeldi eru mikilvægt rannsóknarefni því þær varpa ljósi á samfélagslegt samhengi ofbeldisins. Fyrri rannsóknir sýna að algengt er að gerendur skorist undan ábyrgð á ofbeldinu, og vísi frekar í þolandann eða sjálfar aðstæðurnar sem áhrifaþætti. Í þessari rannsókn voru 397 íslenskar færslur þolenda af samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter greindar með tilliti til þess hvernig ofbeldi var skýrt. Skýringarnar voru þrennskonar. Í fyrsta lagi þær sem sneru að samfélaginu en þær fólu til dæmis í sér skírskotun til almennra neikvæðra viðhorfa til kvenna, líffræðilegrar eðlishyggju (þ.e. að karlar ráði ekki við kynhvöt sína), réttinda karla til kynlífs og til hlutgervingar. Í öðru lagi voru það þolendaskýringar sem fjölluðu um áfengisneyslu þeirra og að viðnám þeirra væri nauðsynlegt svo skilgreina mætti atvikið sem ofbeldi. Að lokum voru það gerendaskýringar sem mörkuðust af skrímslavæðingu, þ.e. ýmist var talið að gerendur væru vondir eða þeir féllu ekki að slíkri staðalímynd. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þegar kemur að kynferðisofbeldi eru sterkar samfélagslegar staðalímyndir lífseigar og því er mikilvægt að vinna gegn þeim í framtíðinni.

Lykilorð: Kynferðisofbeldi, samfélagsmiðlar, skýringar

ABSTRACT

„You know you want it“

Social media explanations of sexual violence

Explanations of sexual violence are an important topic because they reveal the societal context of violence. Perpetrators of violence commonly reject blame, explaining their actions with survivor behavior or the situation. In this study, 397 Icelandic

⁵⁹ Höfundur vinnur nú að stórri rannsókn um frásagnir þolenda kynferðisofbeldis á samfélagsmiðlum sem hefur verið styrkt af Rannís. Höfundur vill þakka öllum þeim hugrökku þolendum sem sögðu sögu sína og sérstaklega þeim sem leyfðu að vitnað væri beint í þá í þessari grein.

social media posts from Facebook and Twitter were analyzed for explanations of violence. Societal explanations included general negative attitudes towards women, biological essentialism (that men cannot control their sex drive), the entitlement of men to sex and objectification. Survivor explanations included that the survivor had been drinking alcohol at the time of the violence, and that the survivor was expected to fight back to justify the event being classified as violence. The monster stereotype of perpetrators was salient in the accounts, either as fact, or to specifically challenge that idea. The results reveal powerful societal stereotypes when it comes to sexual violence, which need to be counteracted in the future.

Keywords: Sexual violence, social media, explanations

RANNVEIG SIGURVINSDÓTTIR

Lektor í sálfræði

Háskólinn í Reykjavík

rannveigs@ru.is